

**Vöktun á mosum og fléttum við Grundar-
tanga í Hvalfirði
Framvinduskýrsla fyrir árið 2001**

Hörður Kristinsson

Unnið fyrir Íslenska járnblendifélagið hf og Norðurál hf
NÍ-01009 Akureyri, febrúar 2001

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 AÐFERÐIR	3
3 NIÐURSTÖÐUR	5
3.1 Móareitur I	5
3.2 Móareitur II	6
3.3 Móareitur III	6
3.4 Móareitur IV	6
3.5 Móareitur V	7
3.6 Ljósmyndun vöktunarreita á klöppum	7
4 HEIMILDIR	7
VIÐAUKI. Tölur sem sýna tíðni einstakra tegunda í reitum móareitum I-V	8

SKRÁ YFIR MYNDIR OG TÖFLUR

1. mynd. Skipting rannsóknareita í smáreiti (A-Ð) og deilireiti (1-16)	4
2. mynd. Kort sem sýnir staðsetningu mólendisreita I-V með tilliti til iðnaðarsvæðisins á Grundartanga.	5
1. tafla. Yfirlit yfir staðsetningu reita og fjölda tegunda	6
2. tafla. Tíðni tegunda í móareit I	8
3. tafla. Tíðni tegunda í móareit II	9
4. tafla. Tíðni tegunda í móareit III	10
5. tafla. Tíðni tegunda í móareit IV	11
6. tafla. Tíðni tegunda í móareit V	13

1 INNGANGUR

Frá árinu 1976 hefur farið fram vöktun á mosum og fléttum í 52 föstum reitum á klettum við Hvalfjörð til að fylgjast með áhrifum hugsanlegrar loftmengunar frá iðnaðarsvæðinu á Grundartanga (Hörður Kristinsson, Bergþór Jóhannsson og Eyþór Einarsson 1983, Hörður Kristinsson og Kristbjörn Egilsson 1999). Samkvæmt samningi sem gerður var árið 1999 var bætt við 10 reitum á því ári, þannig að alls eru reitirnir nú 62 (Hörður Kristinsson 2000).

Einnig var tekin ákvörðun um að setja upp 5 vöktunarreiti í mólendi með flétturíkum samfélögum, og voru þeir settir upp og gróðurmældir sumarið 2000. Fyrirhugað er að gróðurmæla þá aftur að 6 árum liðnum, sumarið 2006, og ganga úr skugga um hvort breytingar hafi orðið á gróðri í þeim, og þá hvernig.

Það er markmið þessarar skýrslu að greina frá byrjunarstöðu þessara mólendisreita, lýsa staðsetningu þeirra og niðurstöðum gróðurmælinga í þeim, svo að hægt verði að endurtaka mælingarnar með sömu aðferðum árið 2006 og síðar, bera þær saman við byrjunarstöðu, og vakta þannig allar breytingar sem kunna að verða á gróðrinum á því tímabili.


2 AÐFERÐIR

Vettvangsvinna fór fram dagana 3. til 9. júlí sumarið 2000. Stærð reitanna fimm sem afmarkaðir voru, er 5 x 5 m, og voru þeir merktir með fjórum tréhælum í hornin. Hælarnir voru látnir standa áfram, svo auðveldari væri að nota nákvæmlega sömu staðsetningu aftur síðar. Reitir I til III voru staðsettir á sniði frá Stekkjarási við Grundartanga áleiðis upp í hlíðar Akrafjalls, en reitir IV og V voru niðri á jafnsléttu í rökum mómum skammt frá Eiðisvatni. Staðsetning reitanna er sýnd á korti á 2. mynd bls. 4. Miðdálkur þeirrar myndar sýnir fjarlægð reitanna frá iðnaðarsvæði.

A	B	C	D	E			
F	G	1	2	3	4	I	K
		5	6	7	8		
		9	10	11	12		
		13	14	15	16		
L	M	N	O	P			
Q	R	S	T	U			
V	X	Y	Z	p			

1. mynd. Skipting rannsóknareita í smáreiti (A-Þ) og deilireiti (1-16).

Til gróðurmælinga voru valdir af handahófi 5 eins fermetra reitir innan hvers hinna stóru reita (1. mynd). Notaður var stálrammi, einn fermetri að stærð, til að marka þessa minni reiti af og skipta þeim niður í 16 deilireiti (25 x 25 sm) sem notaðir voru til að mæla tíðni einstakra tegunda. Allar tegundir voru skráðar í hverjum hinna 16 deilireita, en þekja þeirra var ekki mæld. Tíðni tegundanna var því frá 1 upp í 16 í hverjum hinna fimm eins fermetra smáreita eftir því hvað þær komu fyrir í mörgum deili-



2. mynd. Kort sem sýnir staðsetningu mólendisreita I-V með tilliti til iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Merkt inn á gróðurkort RALA frá 1971.

reitum, og var hún síðan umreiknuð yfir í %. Að lokum var reiknuð meðaltíðni hverrar tegundar fyrir hvern hinna fimm 25 m² reita. Blómplöntur og fléttur voru að mestu greindar á vettvangi, en nokkrum fléttum safnað til frekari greiningar á rannsóknastofu. Mosum var nær öllum safnað í hverjum deilireit fyrir sig, og sá Bergþór Jóhannsson um greiningar þeirra. Gróðurmælingar fóru fram dagana 3. til 9. júlí, og var Stephanie Lorenz til aðstoðar suma dagana.

3. NIÐURSTÖÐUR

Reitir I til III voru staðsettir á sniði frá Stekkjarássi upp í hlíð Akrafjalls (2. mynd). Þeir voru allir í fremur þurru mólendi í 70-200 m hæð. Fjöldi tegunda á þeim 5 fermetrum sem mældir voru, reyndust á bilinu 32-48. Reitir IV og V voru á flatlendinu milli Grundartanga og Eiðisvatns, í þýfðu, fremur deigu mólendi. Þessir reitir voru miklu auðugri að tegundum en þeir sem voru uppi í hlíðinni, eða með 70-90 tegundum. Munaði þar mestu um fjölbreytni mosaflórunnar, sem var miklu meiri á deigu flatlendinu.

1. tafla. Yfirlit yfir staðsetningu reita og fjölda tegunda.

	Hnit V	Hnit N	Hæð y.s.	Fjarlægð	Hápl.	Mosar	Fléttur	Teg. samt.
Reitur I	21,81055°	64,35382°	70 m	1	24	13	11	48
Reitur II	21,82200°	64,35333°	100 m	1,7	15	7	10	32
Reitur III	21,83626°	64,35342°	200 m	2,3	13	9	13	35
Reitur IV	21,78016°	64,37212°	8 m	0,9	19	36	14	69
Reitur V	21,78638°	64,38175°	8 m	2	26	52	13	91

Verður þessum reitum nú nánar lýst hverjum fyrir sig, en niðurstöður gróðurmælinganna koma fram í töflum í viðauka. Í 2.-6. töflu á bls. 8-14 er sýnd tíðni hverrar tegundar í hverjum hinna 5 smáreita, en aftasti dálkur sýnir reiknaða meðaltíðni hverrar tegundar í stóra reitnum.

Engar ályktanir verða dregnar af þeim mælingum sem nú voru gerðar, fyrr en hægt er að gera samanburð við síðari mælingar, og sjá hvort einhverjar breytingar hafi átt sér stað á því tímabili sem líður á milli mælinga.

3.1 Móareitur I

Reitur I var staðsettur ofan til á Stekkjarássi í um 70 m hæð yfir sjó. Í þessum móm voru grastegundir mest áberandi í gróðri, einkum língresi og vinglar ásamt móasefi, krækilyngi og blóðbergi. Af fléttum var mest af hreindýrakraókum og fjallagrösum. Dregnir voru út og mældir smáreitir C, D, I, O og S miðað við stefnu á Akrafjall. Á þeim 5 fermetrum sem mældir voru, reyndust vera 48 tegundir plantna, 24 háplöntur, 13 mosar og 11 fléttur. Tíðni einstakra tegunda er sýnd í 2. töflu. Þar kemur fram að meðaltíðni hraungambra (grámosa) er mest eða 96%. Næst koma túnvingull, blóðberg, skriðlíngresi, blávingull og móasef. Viðbótartegundir, þ.e. tegundir sem komu fyrir í öðrum smáreitum en þeim sem dregnir voru út og mældir, voru grasvíðir í smáreitum E og K, jakobsfífill í F, belgjastör í V, gulkrókar (*Cladonia uncialis*) og mosakarta (*Catillaria contristans*) í smáreit X.

3.2 Móareitur II

Staðsetning nokkru ofar í hlíðinni í stefnu á Akrafjall frá reit I, í um 100 m yfir sjó. Þarna eru lyngmóar með krækilyngi, stinnastör, beitilyngi og grasvíði. Túnvingull og blávingull hafa háa tíðni, þótt ekki séu þeir áberandi í gróðrinum, og töluvert er einnig af móasefi og blóðbergi. Af mosum hafa hraungambri og tildurmosi langmesta tíðni, en af fléttum er mest af hreindýrakraókum, fjallagrösum og mókrókum.

Dregnir voru út og mældir reitir A, B, G, S og Y miðað við stefnu á Akrafjall. Í mældum reitum komu fram 32 tegundir plantna, þar af 15 háplöntur, 7 mosar og 10 tegundir fléttna. Þessi móareitur er því tegundasnauðastur af þeim fimm vöktunarreitum sem settir voru upp. Tíðni einstakra tegunda er sýnd í 3. töflu. Þar kemur fram að hraungambri hefur langmesta tíðni, eða 100%, en þar á eftir koma krækilyng, túnvingull og grasvíðir.

3.3 Móareitur III

Reitur nr. 3 var settur niður alllangt í vestur frá reit nr. 2 í um 200 m hæð yfir sjó. Hann er því hæst yfir sjó af öllum vöktunarreitunum. Fléttur eru þarna meira áberandi í gróðri en í öðrum reitum, mest hreindýrakraókar og fjallagrös. Af mosum var hraungambrinn alls ráðandi, en krækilyng og móasef voru mest áberandi af blómplöntum.

Dregnir voru út og mældir reitir C, I, S, U og V miðað við stefnu á Akrafjall. Alls voru skráðar þarna á þeim 5 fermetrum sem mældir voru, 35 tegundir plantna, þar af aðeins 13 háplöntur, 9 mosar og 13 fléttur. Tíðni einstakra tegunda kemur fram í 4. töflu. Mesta tíðni höfðu hraungambri með 100%, krækilyng með 98% og hreindýrakraókar með 96%. Næst komu síðan fjallagrös, móasef og lautabikar. Bugðupunktur var í reit III utan þeirra smáreita sem dregnir voru út.

3.4 Móareitur IV

Reitir IV og V voru báðir staðsettir í hálfdeigu, flötu en þýfðu landi austan við Eiðisvatn, báðir um eða neðan 10 m yfir sjávarmáli. Reitur IV var milli Grundartanga og Eiðisvatns. Grasleitar plöntur eru þarna ríkjandi í gróðri, einkum mýrastör, klófífa og mýrelfting, en fjalldrapi, krækilyng og bláberjalyng eru líka nokkuð áberandi. Af fléttum ber mest á hreindýrakraókum.

Dregnir voru út og mældir reitir B, F, O, X og Z miðað við stefnu á Eiðisvatn. Alls voru skráðar þarna 69 tegundir plantna, eða mun fleiri en í reitunum uppi í hlíðinni. Af þeim voru 19 háplöntur, 36 tegundir mosa og 14 fléttur. Þarna munar því mestu í fjölbreytni mosagróðursins, þótt hann sé ekki verulega áberandi í gróðursvip. Tíðni einstakra tegunda sést af 5. töflu. Þar eru krækilyng og klófífa bæði með 100% tíðni, en næst koma mýrastör, bláberjalyng, mýrelfting og fjalldrapi. Af mosum hafa urðaskraut, hrísmosi og tildurmosi allir yfir 50% tíðni, en af fléttum aðeins hreindýrakraókar.

Smáreitur Z er einna lægstur og blautastur innan reits IV. Í nokkrum smáreitum voru engir mosar né fléttur vegna þess að fjalldrapi og bláberjalyng voru það hávaxin, að nokkur skuggi var á undirgróðri.

3.5 Móareitur V

Reitur V var staðsettur fyrir norðan Bjarnarholt, í deigu mólendi upp frá austurbakka Eiðisvatn beint niður undan bænum Galtarholti. Þessir móar vöktu athygli við gróðurskoðun árið 1974 meðal annars vegna sjaldgæfra fléttutegunda sem þar fundust, og vegna sóldaggar sem töluvert var af á milli þúfna. Af háplöntum er þarna mest af mýrastör, tjarnastör og klófífu. Einnig er nokkuð af mýrafinnungi og sóldögg sem bæði eru vísir á að jarðvegur hennar sé nokkuð súr. Mosar og fléttur eru ekki áberandi í gróðursvip, en tegundafjölbreytni er þeim mun meiri. Helst hafa barnamosar (*Sphagnum*) nokkra þekju, en af þeim koma 7 tegundir fyrir á hinum mældu 5 fermetrum.

Dregnir voru út og mældir reitir C, H, I, Q og R miðað við stefnu á Eiðisvatn. Alls voru skráðar þarna 91 tegund plantna, eða fleiri en í nokkrum hinna reitanna, þar af 26 háplöntur, 52 mosar og 13 fléttur. Sérstaklega vekur athygli hin mikla fjölbreytni mosanna á þessum stað. Langhæsta tíðni hér hafa klófífa, mýrastör og tjarnastör, allar yfir 90%. Af mosum eru aðeins 4 tegundir með meira en 50% tíðni, fjóluburi, mýralarfi, hraungambri og vætukrýli.

3.6 Ljósmyndun vöktunarreita á klöppum.

Auk þeirra nýju reita sem settir voru upp í mólendi, og lýst var hér að framan, voru allir 60 vöktunarreitir á klöppum ljósmyndaðir. Sú vinna fór fram 21. ágúst, og var Soffía Arnþórsdóttir til aðstoðar á vettvangi. Ljósmyndirnar eru varðveittar á Náttúrufræðistofnun Íslands og verða notaðar sem heimild til að rekja eftir og tímasetja breytingar sem hugsanlega gætu komið fram við gróðurmælingar sömu reita árið 2006. Ekki varð vart neinna umtalsverðra breytinga á fléttugróðri nú, fram yfir það sem áður hafði komið á reit nr. 33 (Hörður Kristinsson og Kristbjörn Egilsson 1999 bls. 15).

4 HEIMILDIR

Hörður Kristinsson, Bergþór Jóhannsson og Eyþór Einarsson 1983. Grasafræðirannsóknir við Hvalfjörð. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 17, 90 bls.

Hörður Kristinsson og Kristbjörn Egilsson 1999. Gróðurbreytingar á klapparsamfélögum við Hvalfjörð frá 1976 til 1997. NÍ-99001, 48 bls.

Hörður Kristinsson 2000. Vöktun á mosum og fléttum við Grundartanga í Hvalfirði. Framvinduskýrsla fyrir árið 1999. NÍ-00006, 13 bls.

5. VIÐAUKI

2. tafla. Tíðni tegunda í móareit nr. I.

(Aftasti dálkur sýnir meðaltíðni smáreitanna, C, D, I, O og S).

Blómplöntur og byrkninar		IC	ID	II	IO	IS	I
<i>Festuca richardsonii</i>	túnvingull	94	75	81	75	63	78
<i>Agrostis vinealis</i>	týtulingresi	38	63	100	100	75	75
<i>Thymus praecox</i>	blóðberg	81	63	81	56	94	75
<i>Festuca vivipara</i>	blávingull	50	75	63	69	94	70
<i>Juncus trifidus</i>	móasef	56	50	56	81	88	66
<i>Galium normanii</i>	hvítmaðra	44	88	44	63	88	65
<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng	88	25	69	44	69	59
<i>Luzula spicata</i>	axhæra	44	13	69	56	44	45
<i>Luzula multiflora</i>	vallhæra	56	50	31	13	44	39
<i>Thalictrum alpinum</i>	brjóstagrás	63	56	56	13		38
<i>Kobresia myosuroides</i>	þursaskegg	50	31	44	38		33
<i>Agrostis capillaris</i>	hálingresi	44	63	13			24
<i>Bistorta vivipara</i>	kornsúra	25		56	19		20
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra			19	25	19	13
<i>Plantago maritima</i>	kattartunga	19		6		25	10
<i>Carex panicea</i>	belgjastör	31					6
<i>Cerastium fontanum</i>	vegarfi	6,3	6		13	6	6
<i>Cardaminopsis petraea</i>	melablóm				19		4
<i>Viola canina</i>	týsfjola				6	13	4
<i>Botrychium lunaria</i>	tungljurt					13	3
<i>Silene acaulis</i>	lambagrás			13			3
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	ilmreyr	6,3			6		2
<i>Alchemilla alpina</i>	ljónslappi				6	6	2
<i>Selaginella selaginoides</i>	mosajafni				6		1
Mosar		IC	ID	II	IO	IS	I
<i>Racomitrium lanuginosum</i>	hraungambri	94	94	100	94	100	96
<i>Hylocomium splendens</i>	tildurmosi	94	81	50	13	44	56
<i>Rhytidiadelphus squarrosus</i>	engjaskraut	69	38	19	6	44	35
<i>Racomitrium ericoides</i>	melagambri	13	19	63	25	31	30
<i>Sanionia uncinata</i>	móasigð	31	6		6		9
<i>Nardia scalaris</i>	flaganaddur	6			19	13	8
<i>Pleurozium schreberi</i>	hrísmosi		13	13		6	6
<i>Pogonatum nanum</i>	dverghöttur				6	19	5
<i>Ditrichum heteromallum</i>	skurðvendill				6	13	4
<i>Andreaea rupestris</i>	holtasóti				6		1
<i>Lophozia excisa</i>	dreyralápur					6	1
<i>Pogonatum urnigerum</i>	melhöttur				6		1
<i>Racomitrium fasciculare</i>	snoðgambri				6		1
Fléttur		IC	ID	II	IO	IS	I
<i>Cladonia arbuscula</i>	hreindýrakraókar	50	44	44	44		36
<i>Cetraria islandica</i>	fjallagrös	38	44	44	19	25	34
<i>Cladonia furcata</i>	mókrókar	13	19	13			9
<i>Cetraria muricata</i>	melakræða			13	6	6	5
<i>Lecanora polytropia</i>	vaxtarga	6			13		4
<i>Cladonia borealis</i>	skarlatbikar				13		3
<i>Baeomyces rufus</i>	flagmæra		6				1
<i>Cladonia cervicornis</i>	tildurbikar		6				1
<i>Cladonia uncialis</i>	gulkrókar	6					1
<i>Lecanora intricata</i>	græntarga				6		1
<i>Porpidia melinodes</i>	fölvakarta	6					1

3. tafla. Tíðni tegunda í móareit nr II.

(Aftasti dálkur sýnir meðaltíðni smáreitanna, A, B, G, S og Y).

Blómplöntur og byrkningar		2A	2B	2G	2S	2Y	II
<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng	100	81	100	100	100	96
<i>Festuca richardsonii</i>	túnvingull	88	94	75	69	31	71
<i>Salix herbacea</i>	grasviðir	13	38	94	69	63	55
<i>Festuca vivipara</i>	blávingull	13	56	75	63	50	51
<i>Carex bigelowii</i>	stinnastör	56	50	44	50	44	49
<i>Thalictrum alpinum</i>	brjóstagrass	6	56	75	31	13	36
<i>Thymus praecox</i>	blóðberg	25	56	50		25	31
<i>Juncus trifidus</i>	móasef	44	31	38		25	28
<i>Calluna vulgaris</i>	beitilyng	19	63		6	50	28
<i>Agrostis vinealis</i>	týtulíngresi	19	13	31	6	25	19
<i>Luzula spicata</i>	axhæra	13	25	19	31		18
<i>Galium normanii</i>	hvítmaðra	19	6	19	19	19	16
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra		13				3
<i>Luzula multiflora</i>	vallhæra			13			3
<i>Bistorta vivipara</i>	kornsúra					6	1
Mosar		2A	2B	2G	2S	2Y	II
<i>Racomitrium lanuginosum</i>	hraungambri	100	100	100	100	100	100
<i>Hylocomium splendens</i>	tildurmosi	25	38	50	25	25	33
<i>Pleurozium schreberi</i>	hrísmosi	13		19	13	25	14
<i>Dicranum scoparium</i>	móabrúskur			6	13	25	9
<i>Ptilidium ciliare</i>	móatrefja					25	5
<i>Rhytidiadelphus loreus</i>	urðaskraut				6	6	2
<i>Polytrichastrum alpinum</i>	fjallalubbi					6	1
Fléttur		2A	2B	2G	2S	2Y	II
<i>Cetraria islandica</i>	fjallagrös	31	50	44	63	44	46
<i>Cladonia arbuscula</i>	hreindýrakrókar	56	56	44		63	44
<i>Cladonia furcata</i>	mókrókar	19	13	19		56	21
<i>Thamnolia vermicularis</i>	ormagrös	13			6	13	6
<i>Cladonia gracilis</i>	þúfubíkar				13	13	5
<i>Cetraria muricata</i>	melakræða		13			6	4
<i>Stereocaulon alpinum</i>	grábreyskja	6			6	6	4
<i>Cladonia uncialis</i>	gulkrókar	13					3
<i>Peltigera canina</i>	engjaskóf	6					1
<i>Sphaerophorus globosus</i>	móakrækla				6		1

4. tafla. Tíðni tegunda í móareit nr. III

(Aftasti dálkur sýnir meðaltíðni smáreitanna, C, I, S, U og V).

Blómplöntur og byrkningar		3C	3I	3S	3U	3V	III
<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng	100	88	100	100	100	98
<i>Juncus trifidus</i>	móasef	31	81	56	50	44	52
<i>Festuca vivipara</i>	blávingull	13	38	6	69	50	35
<i>Salix herbacea</i>	grasviðir	44	31		56		26
<i>Festuca richardsonii</i>	túnvingull		25	6	44	31	21
<i>Agrostis vinealis</i>	týtulingresi	19	19	6	25	25	19
<i>Thalictrum alpinum</i>	brjóstagras	13	31	6			10
<i>Bistorta vivipara</i>	kornsúra		6	13			4
<i>Loiseleuria procumbens</i>	sauðamergur			19			4
<i>Cardaminopsis petraea</i>	melablóm	13					3
<i>Vaccinium uliginosum</i>	bláberjalyng					13	3
<i>Thymus praecox</i>	blóðberg	6		6			2
<i>Luzula spicata</i>	axhæra					6	1
Mosar		3C	3I	3S	3U	3V	III
<i>Racomitrium lanuginosum</i>	hraungambri	100	100	100	100	100	100
<i>Hylocomium splendens</i>	tildurmosi	13	19	13	19	38	20
<i>Pleurozium schreberi</i>	hrismosi	19	13	13	6	25	15
<i>Ptilidium ciliare</i>	móatrefja	19	6	6	6	19	11
<i>Polytrichastrum alpinum</i>	fjallalubbi	19	6	6		19	10
<i>Dicranum scoparium</i>	móabrúskur	13				6	4
<i>Rhytidiadelphus loreus</i>	urðaskraut					13	3
<i>Rhytidiadelphus squarrosus</i>	engjaskraut			6			1
<i>Sanionia uncinata</i>	móasigð			6			1
Fléttur		3C	3I	3S	3U	3V	III
<i>Cladonia arbuscula</i>	hreindýrakraókar	81	100	100	100	100	96
<i>Cetraria islandica</i>	fjallagrös	44	88	31	75	31	54
<i>Cladonia ecmocyna</i>	lautabíkar		19	50	56	56	36
<i>Cladonia furcata</i>	mókrókar	31	50	13			19
<i>Thamnolia vermicularis</i>	ormagrös	31	19				10
<i>Cladonia rangiferina</i>	grákrókar		13			25	8
<i>Cetraria muricata</i>	melakræða	13		13	6		6
<i>Ochrolechia androgyna</i>	mosaskilma	13		13			5
<i>Cladonia chlorophaea</i>	álfabíkar	13		6	6		5
<i>Stereocaulon alpinum</i>	grábreyskja	6	6	13			5
<i>Stereocaulon vesuvianum</i>	hraunbreyskja	6				6	2
<i>Baeomyces rufus</i>	flagmæra	6					1
<i>Cladonia cervicornis</i>	tildurbíkar	6					1

5. tafla. Tíðni tegunda í móareit IV

(Aftasti dálkur sýnir meðaltíðni smáreitanna, B, F, O, Z og Y).

Blómplöntur og byrkningar		4B	4F	4O	4Z	4Y	IV
<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng	100	100	100	100	100	100
<i>Eriophorum angustifolium</i>	klófifa	100	100	100	100	100	100
<i>Carex nigra</i>	mýrastör	100	100	100	100	81	96
<i>Vaccinium uliginosum</i>	bláberjalyng	88	94	100	100	94	95
<i>Equisetum palustre</i>	mýrelfting	100	100	94	81	25	80
<i>Betula nana</i>	fjalldrapi	75	63	63	63	81	69
<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	hrafnaþifa	44	69	50	63	19	49
<i>Festuca vivipara</i>	blávingull	75	50	6	38	6	35
<i>Bistorta vivipara</i>	kornsúra	63	50			13	25
<i>Carex panicea</i>	belgjastör				88	6	19
<i>Trichophorum caespitosum</i>	mýrafinningur	6		13	69	6	19
<i>Luzula multiflora</i>	vallhæra	19	50	6	6	6	17
<i>Carex dioica</i>	sérbylisstör	6	6		56		14
<i>Agrostis vinealis</i>	týtulíngresi				6	19	5
<i>Festuca richardsonii</i>	túnvingull	6				13	4
<i>Thalictrum alpinum</i>	brjóstagras	19					4
<i>Carex chordorrhiza</i>	vetrarkviðastör			13			3
<i>Pinguicula vulgaris</i>	lyfjagras		13				3
<i>Selaginella selaginoides</i>	mosajafni	6					1
Mosar		4B	4F	4O	4Z	4Y	IV
<i>Rhytidiadelphus loreus</i>	urðaskraut	94	88	81	75	31	74
<i>Pleurozium schreberi</i>	hrismosi	100	88	75	44	56	73
<i>Hylocomium splendens</i>	tildurmosi	88	75	69	19	63	63
<i>Ptilidium ciliare</i>	móatrefja	100	50	31	31	19	46
<i>Hypnum jutlandicum</i>	laugafaxi	88	44	19	19	38	42
<i>Calypogeia sphagnicola</i>	mýragyrðill	25	88	31	50		39
<i>Racomitrium lanuginosum</i>	hraungambri	38	44	25		56	33
<i>Dicranum scoparium</i>	móabrúskur	69	44	25	6	6	30
<i>Rhytidiadelphus squarrosus</i>	engjaskraut	56	19	6	56	13	30
<i>Barbilophozia kunzeana</i>	mýralarfi	44	44	44	13		29
<i>Sphagnum girgensohnii</i>	grænburi	38	31	31	6		21
<i>Polytrichastrum alpinum</i>	fjallalubbi	50	19		13	13	19
<i>Cephalozia bicuspidata</i>	vætukrýli	13	25	6	38		16
<i>Lophozia ventricosa</i>	urðalápur		6	44	13		13
<i>Sphagnum flexuosum</i>	bylgjuburi		6	19	38		13
<i>Sphagnum papillosum</i>	vörtuburi		25	25			10
<i>Dicranum majus</i>	fagurbrúskur		19	19	6		9
<i>Sphagnum fimbriatum</i>	trafburi	6		6	31		9
<i>Rhytidiadelphus triquetrus</i>	runnaskraut	13	6	19			8
<i>Sphagnum centrale</i>	fölburi			19	19		8
<i>Sphagnum subsecundum</i>	sveigburi				38		8
<i>Cephalozia hampeana</i>	vætuvæskill		6	25	6		7
<i>Dicranum angustum</i>	vætubrúskur		19		13		6
<i>Straminergon stramineum</i>	seilmosi				31		6
<i>Cephalozia pleniceps</i>	heiðakrýli	6		6	13		5
<i>Sanionia uncinata</i>	móasigð	19	6				5
<i>Pohlia nutans</i>	móaskart				19		4
<i>Dicranum bonjeanii</i>	mýrabrúskur				13		3
<i>Scapania irrigua</i>	mýraleppur				13		3
<i>Warnstorfia exannulata</i>	lindakló				13		3
<i>Aulacomnium palustre</i>	bleikjukollur		6	6			2

<i>Barbilophozia barbata</i>	brekkularfi	6				6	2
<i>Sphagnum subnitens</i>	fjóluburi		6			6	2
<i>Pseudobryum cinclidioides</i>	skjallmosi	6					1
<i>Sphagnum teres</i>	bleytuburi					6	1
<i>Tritomaria quinquedentata</i>	skáhaki			6			1
Fléttur		4B	4F	4O	4Z	4Y	IV
<i>Cladonia arbuscula</i>	hreindýrakrakar	69	75	69		50	53
<i>Cladonia scabriuscula</i>	flösukrákar	19	44	13		19	19
<i>Cladonia rangiferina</i>	grákrókar	69	13				16
<i>Cladonia chlorophaea</i>	álfabíkar	13	31	25			14
<i>Cladonia furcata</i>	mókrókar	50					10
<i>Cladonia gracilis</i>	þúfubíkar		25	6		19	10
<i>Cetraria islandica</i>	fjallagrös		25				5
<i>Cladonia subulata</i>	stúfbíkar		19				4
<i>Cladonia ecmocyna</i>	lautabíkar	13					3
<i>Cladonia uncialis</i>	gulkrókar					13	3
<i>Micarea ternaria</i>	fernukúpa	13					3
<i>Cladonia borealis</i>	skarlatbíkar			6			1
<i>Cladonia pocillum</i>	torfubíkar	6					1
<i>Peltigera polydactylon</i>	glitskóf			6			1
<i>Baeomyces rufus</i>	flagmæra		6				1

6. tafla. Tíðni tegunda í móareit nr. V

(Aftasti dálkur sýnir meðaltíðni smáreitanna, C, I, H, Q og R).

Blómplöntur og byrkingar		5C	5I	5H	5Q	5R	V
<i>Eriophorum angustifolium</i>	klófifa	100	100	100	94	100	99
<i>Carex nigra</i>	mýrastör	88	100	100	100	100	98
<i>Carex rostrata</i>	tjarnastör	100	81	94	88	100	93
<i>Empterum nigrum</i>	krækilyng	69	31	100	75	94	74
<i>Vaccinium uliginosum</i>	bláberjalyng	81	69	94	44	44	66
<i>Trichophorum caespitosum</i>	mýrafinningur	50	69	81	63	50	63
<i>Festuca vivipara</i>	blávingull	38	50	56	75	63	56
<i>Bistorta vivipara</i>	kornsúra	31	38	56	75	50	50
<i>Carex rariflora</i>	hengistör		81	63	19	63	45
<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	hrafnaþifa	38	44	31	44	44	40
<i>Menyanthes trifoliata</i>	horblaðka	75	25	88	6		39
<i>Carex chordorrhiza</i>	vetrarkviðastör	25	44	38	31	44	36
<i>Salix herbacea</i>	grasviðir	63	19	50	13	6	30
<i>Potentilla palustris</i>	engjarós	25	19	19	31	44	28
<i>Carex panicea</i>	belgjastör	38	19		63	6	25
<i>Drosera rotundifolia</i>	sóldögg	19	6	56		19	20
<i>Thalictrum alpinum</i>	brjóstagra	31	31	6	19		17
<i>Galium normanii</i>	hvítmaðra	25	31		13		14
<i>Agrostis vinealis</i>	týtulíngresi		19	6	25	6	11
<i>Festuca richardsonii</i>	túnvingull	19	13		6	13	10
<i>Luzula multiflora</i>	vallhæra				13	19	6
<i>Calamagrostis stricta</i>	hálmgresi			19			4
<i>Carex dioica</i>	sérbylisstör			6	6	6	4
<i>Juncus alpinus</i>	mýrasef				13		3
<i>Tofieldia pusilla</i>	sýkigras	6				6	2
<i>Carex bigelowii</i>	stinnastör				6		1
Mosar		5C	5I	5H	5Q	5R	V
<i>Sphagnum subnitens</i>	fjóluburi	38	69	63	63	69	60
<i>Barbilophozia kunzeana</i>	mýralartí	38	63	69	44	69	57
<i>Racomitrium lanuginosum</i>	hraungambri	75	69	19	81	38	56
<i>Cephalozia bicuspidata</i>	vætukrýli	56	38	88	25	63	54
<i>Straminergon stramineum</i>	seilmosi	63	69	56	19	44	50
<i>Mnium hornum</i>	hornaskæna	56	44	81	19	50	50
<i>Scapania irrigua</i>	mýraleppur	44	63	31	38	38	43
<i>Sphagnum girgensohnii</i>	grænburi	56	44	100	6	6	42
<i>Dicranum scoparium</i>	móabrúskur	38	25	19	50	75	41
<i>Cephaloziella hampeana</i>	vætuvaeskill	44	13	56	38	50	40
<i>Pseudobryum cinclidioides</i>	skjallmösi	38	50	44	31	38	40
<i>Sphagnum subsecundum</i>	sveigburi	50	38	19	31	38	35
<i>Warnstorfia exannulata</i>	lindakló	31	44	13	50	38	35
<i>Rhytidiadelphus squarrosus</i>	engjaskraut	44	44	13	25	44	34
<i>Odontoschisma elongatum</i>	brúngpill	31	50	13	38	31	33
<i>Tritomaria quinqueidentata</i>	skáhaki	6	56	31	13	56	32
<i>Pleurozium schreberi</i>	hrismosi	13	25	6	31	69	29
<i>Cinclidium subrotundum</i>	fenjadepill	13	44		50	31	28
<i>Hypnum jutlandicum</i>	laugafaxi	25	25	6	44	38	28
<i>Warnstorfia sarmentosa</i>	roðakló	25	56		44	13	28
<i>Polytrichastrum longisetum</i>	mólubbi	31	44	13		38	25
<i>Scorpidium revolvens</i>	mýrakrækja	19	25		63	19	25
<i>Rhytidiadelphus loreus</i>	urðaskraut	6	19		25	69	24
<i>Sanionia uncinata</i>	móasigð	19	19	6	19	50	23

<i>Hylocomium splendens</i>	tildurmosi	13	13	6	38	6	15
<i>Riccardia chamedryfolia</i>	pollabendill	13	13	19		19	13
<i>Oncophorus wahlenbergii</i>	mýrahnúði	44		6		6	11
<i>Dicranum angustum</i>	vætubrúskur	6	19	25			10
<i>Dicranum majus</i>	fagurbrúskur	13		31	6		10
<i>Polytrichastrum alpinum</i>	fjallalubbi		38		6	6	10
<i>Lophozia grandiretis</i>	flekkulápur			13	6	19	8
<i>Lophozia ventricosa</i>	urðalápur	13	6	6	13		8
<i>Polytrichum swartzii</i>	myrkhaddur		19	13	6		8
<i>Sphagnum teres</i>	bleytuburi					31	6
<i>Ptilidium ciliare</i>	móatrefja	13			13		5
<i>Riccardia latifrons</i>	mýrabendill	6		13		6	5
<i>Barbilophozia hatcheri</i>	urðalarfi	6			13		4
<i>Sphagnum fimbriatum</i>	trafburi					13	3
<i>Sphagnum warnstorffii</i>	rauðburi		6			6	2
<i>Anastrophyllum minutum</i>	vætuspengill	6					1
<i>Blepharostoma trichophyllum</i>	hýmosi				6		1
<i>Campylopus schimperi</i>	deigluburst				6		1
<i>Cephalozia pleniceps</i>	heiðakrýli					6	1
<i>Dicranella subulata</i>	heiðarindill				6		1
<i>Dicranum laevidens</i>	fjallabrúskur		6				1
<i>Hypnum cupressiforme</i>	holtafaxi				6		1
<i>Nardia geoscyphus</i>	heiðanaddur				6		1
<i>Polytrichum commune</i>	mýrhaddur		6				1
<i>Racomitrium ericoides</i>	melagambri					6	1
<i>Rhytidiadelphus triquetrus</i>	runnaskraut	6					1
<i>Scapania subalpina</i>	ljósileppur			6			1
<i>Sphagnum centrale</i>	fölburi					6	1
Fléttur		5C	5I	5H	5Q	5R	V
<i>Cladonia arbuscula</i>	hreindýrakrókar	56	25	19	44	38	36
<i>Cladonia rangiformis</i>	strandkrókar			6	13	31	14
<i>Cladonia chlorophaea</i>	álfbíkar			6	6	25	10
<i>Cladonia uncialis</i>	gulkrókar	13		13	13	6	9
<i>Cladonia furcata</i>	mókrókar	6			25	13	9
<i>Cladonia borealis</i>	skarlatbíkar				19		4
<i>Cladonia gracilis</i>	þúfubíkar	13				6	4
<i>Lecanora epibryon</i>	mosatarga			13	6		4
<i>Cladonia macilenta</i>			6		6		2
<i>Cladonia scabriuscula</i>	flöskrókar		6		6		2
<i>Cladonia merochlorophaea</i>	fjólubíkar					6	1
<i>Cladonia subulata</i>	stúfbíkar				6		1
<i>Sphaerophorus globosus</i>	móakrækla		6				1

**1. mynd. Skipting rannsóknareita í smáreiti
(A-Þ) og deilireiti (1-16).**

A	B	C				D	E
F	G	1	2	3	4	I	K
		5	6	7	8		
		9	10	11	12		
		13	14	15	16		
L	M	N				O	P
Q	R	S				T	U
V	X	Y				Z	Þ

**1. mynd. Skipting rannsóknareita í smáreiti
(A-Þ) og deilireiti (1-16).**